

REGLUR

um breytingar á reglum um doktorsnám og doktorspróf við Háskólann á Akureyri, nr. 822/2022.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. reglnanna:

- a. 5. málsl. orðast svo: Þegar doktorsritgerð er lögð fram er meginreglan sú að tvær af greinunum þurfa að hafa verið samþykktar til birtingar af ritstjórn viðurkenndra ritrýndra tímarita en sú þriðja má vera til umfjöllunar hjá ritstjórn.
- b. Við bætist nýr málslíður, á eftir 5. málsl., sem orðast svo: Doktorsnámsráð getur veitt undanþágu frá meginreglunni séu fyrir því góðar og gildar ástæður.

2. gr.

Í 15. gr. reglnanna bætist við nýr málslíður, á eftir 4. málsl., sem orðast svo: Leiðandi fræðimenn á viðkomandi fræðasviði sem hafa ekki formlegt dósent- eða prófessorshæfi geta einnig verið samþykktir sem andmælendur.

3. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar voru í háskólaráði, eru settar á grundvelli laga um opinbera háskóla, nr. 85/2008, og öðlast þegar gildi.

Háskólanum á Akureyri, 25. júní 2026.

Áslaug Ásgeirsdóttir rektor.

B deild - Útgáfudagur: 10. júlí 2026